



1531. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
10.9.2012, kl. 16:00.

1. **Fundargerð 1530. fundar**
Samþykkt.
2. **RIG –skýrsla 2013**
Lagðar fram tillögur að dagskrá leikanna en gert er ráð fyrir að þeir fari fram á tveimur helgum.
3. **Ársreikningur ÍBR 2011**
Ársreikningur lagður fram til undirritunar stjórnar. Frestað til næsta fundar.
4. **Stefnumótun íþróttanna í Reykjavík til 2020.**
Greint frá fyrirhuguðum fundi með stjórn ÍTR þar sem stjórnir ÍTR og ÍBR færu sameiginlega yfir framkvæmdaáætlun.
5. **Formannafundur ÍBR**
Rætt um að boða til formannafundar þegar fyrir liggur rekstrarúttekt félaganna.
6. **Rekstrarúttekt**
Greint frá stöðu mála.
7. **Samningur við Reykjavíkurborg.**
Rætt um fund með félögunum sem fram fór í síðustu viku. Samþykkt að tilnefna tvo starfsmenn ÍBR ásamt einum fulltrúa úr samráðshópi félaganna til að vinna með fulltrúum ÍTR að textagerð og samantekt gagna vegna nýs samnings.
8. **Erindi Leiknis og ÍR vegna kvennaknattspyrnu.**
Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 150.000,- úr Verkefnasjóði ÍBR.
9. **Mannvirkjanefnd**
Samkvæmt stefnumótun ÍTR og ÍBR er gert ráð fyrir að mynda vinnuhóp aðila til að fjalla um mannvirkjamál. Samþykkt að Viggó og Frímenn verði fulltrúar ÍBR í þeim hópi.
10. **Ungt fólk**
Lögð fram skýrsla með niðurstöðum úr könnuninni.
11. **Handknattleiksþókin**
Lögð fram.

12. Fundaáætlun

Lögð fram áætlun fyrir fundi stjórnar fram að jólum. Gert er ráð fyrir að fundartími sé kl. 16:00 á mánudögum.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17:20.

Frímann Ari Ferdinandsson
fundaritari